

**Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps.****Þjóðminjasafni Íslands, 30. maí 2016, kl. 14:00.**

- Fundur settur, kjör fundarstjóra og fundarritara:** Anna Lía Rúnarsdóttir formaður stjórnar Rekstrarfélags Sarps (RS) setti fundinn kl. 14.05. Fyrsta mál á dagskrá var kjör fundarstjóra og fundarritara. Tillaga var borin upp um að Erla S. Árnadóttir yrði fundarstjóri og Haraldur Þór Egilsson fundarritari. Var það einróma samþykkt.
- Fundarstjóri tekur við fundarstjórn:** Fundarstjóri tók til máls og lýsti fundinn löglega boðaðan og fór því næst yfir lista fulltrúa aðildarsafna, kosningarétt og umboð.

| Heiti safns                                      | Eignarhlutur samþykktir 2015 | Á aðalfundi 2016 | Nafn þess sem fer með umboð                         |
|--|------------------------------|------------------|---|
| Þjóðminjasafn Íslands                            | 34,0                         | 34,0             | Anna Lía Rúnarsdóttir                               |
| Borgarsögusafn (áður Minjasafn Reykjavíkur)      | 9,5                          | 9,5              | María Karen Sigurðardóttir                          |
| Listasafn Íslands                                | 7,0                          | 7,0              | Dagný Heiðdal                                       |
| Minjasafnið á Akureyri                           | 5,0                          | 5,0              | Haraldur Þór Egilsson                               |
| Byggðasafnið Skógum                              | 4,0                          |                  |   |
| Menningarmiðstöð Þingeyinga                      | 2,5                          |                  |   |
| Byggðasafn Skagfirðinga                          | 2,5                          |                  |   |
| Byggðasafn Árnesinga/Sjóminjasafnið á Eyrarbakka | 2,0                          | 2,0              | Lýður Pálsson                                       |
| Listasafn Kópavogs Gerðarsafn                    | 2,0                          |                  |   |
| Hafnarborg                                       | 2,0                          | 2,0              | Ágústa Kristófersdóttir                             |
| Gljúfrasteinn - hús skáldsins                    | 2,0                          | 2,0              | Guðný Dóra Gestsdóttir                              |
| Menningarmiðstöð Hornafjarðar                    | 1,5                          |                  |   |
| Síldarminjasafn Íslands                          | 1,5                          |                  |   |
| Minjasafn Austurlands                            | 1,5                          |                  |   |
| Listasafn Reykjanesbæjar                         | 1,5                          |                  |   |
| Byggðasafn Reykjanesbæjar                        | 1,5                          |                  |   |
| Safnahús Borgarfjarðar                           | 1,5                          |                  |   |
| Byggðasafn Hafnarfjarðar                         | 1,5                          | 1,5              | Heiðrún Eva Konráðsdóttir/Rósa Karen Borgþórsdóttir |
| Nýlistasafnið                                    | 1,5                          |                  |   |
| Byggðasafnið Akranesi                            | 1,5                          |                  |   |
| Örnefnasafn Árnastofnunar                        | 1,0                          |                  |   |
| Hönnunarsafn Íslands                             | 1,0                          |                  |   |
| Byggðasafn Dalvíkurbyggðar Hvoll                 | 1,0                          |                  |   |
| Tækniminjasafn Austurlands                       | 1,0                          |                  |   |
| Listasafn ASÍ                                    | 1,0                          |                  |   |
| Byggðasafn Garðskaga                             | 1,0                          |                  |   |
| Minjasafnið Bustarfelli                          | 1,0                          |                  |   |
| Byggðasafn Vestfjarða                            | 1,0                          |                  |   |

|  |              |             |   |
|--|--------------|-------------|---|
| Norska húsið - Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla | 1,0          |             |   |
| Byggðasafnið Reykjum                               | 1,0          |             |   |
| Minjastofnun Íslands ( áður húsafriðunarnefnd)     | 0,5          | 0,5         | Oddgeir Isaksen   |
| Ljósmyndasafnið Ísafirði                           | 0,5          |             |   |
| Listasafn Árnesinga                                | 0,5          | 0,5         | Inga Jónsdóttir   |
| Minjasafn Egils Ólafssonar Hnjóti                  | 0,5          |             |   |
| Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns              | 0,5          | 0,5         | Dóra Guðný<br>Sigurðardóttir/Sigurður Helgi<br>Pálmason |
| Byggðasafn Dalamanna                               | 0,5          |             |   |
| Iðnaðarsafnið á Akureyri                           | 0,5          |             |   |
| Landbúnaðarsafn Íslands                            | 0,5          |             |   |
| <b>Samtals</b>                                     | <b>100,0</b> | <b>64,5</b> |   |

Einnig sátu fundinn:

Frá Rekstrarfélagi Sarps: Sveinbjörg Sveinsdóttir.

Frá Borgarsögusafni Reykjavíkur: Gerður Róbertsdóttir.

Frá Listasafni Íslands: Anna María Urbancic.

Frá Stofnun Wilhelms Beckmann: Jón Þór Þórhallsson og Hrafn A. Harðarsson.

Frá Þjóðminjasafni Íslands: Þorvaldur Böðvarsson.

3. **Árskýrsla stjórnar RS:** Anna Lís Rúnarsdóttir formaður stjórnar RS kynnti skýrslu stjórnar RS árið 2015 (sjá viðhengi).
4. **Ársreikningar RS:** Dagný Heiðdal, gjaldkeri stjórnar RS, kynnti ársreikning RS.
5. **Umræður:** Fundarstjóri bauð upp á umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga, en nokkrar spurningar voru fram bornar undir kynningu á ársreikningnum.

Jón Þór Þórhallsson frá Stofnun Wilhelms Beckmann, lýsti yfir ánægju með samstarfið við Sarp og spurði hvort rætt hefði verið um hvort gera ætti Sarp þannig úr garði gerðan að hann næði út fyrir landsteinana.

Anna Lís Rúnarsdóttir svaraði því til að slíkir möguleikar hefðu verið í kerfinu, þ.e. möguleikar fyrir fleiri tungumál. Þeir hefðu verið teknir út þar sem tungumálamöguleikar hefðu ekki verið nýttir auk þess sem þeir hefðu hægt á svörun kerfisins.

Oddgeir Isaksen spurði um samstarf við Europeana. Dagný Heiðdal svaraði því til að Sarpur geti talað við Europeana að einhverju leiti. Sveinbjörg Sveinsdóttir upplýsti að Byggðasafn Skagafjarðar hefði fyrir stuttu óskað eftir að gögn frá þeim kæmust inn í Europeana. Þau voru tekin úr kerfinu og gerðar aðgengilegar í Europeana án vandkvæða.

Oddgeir benti á að það kortleggja þurfi gögnin í upphafi til að auðvelda slíkt.

Jón spurði um hvenær væri von á næstu útgáfu Sarps. Anna Lís sagði að það ylti á fjármögnun en framkvæmdastjórn hefði hafið skoðun á því.

Porvaldur Böðvarsson, starfsmaður Þjóðminjasafns Íslands, benti á að það verði að vera sífelld skoðun á kerfinu til að það tali við vafra.

Jón spurði hvort rekstrarkostnaður kerfisins yrði svipaður í framhaldinu. Dagný og Sveinbjörg svöruðu því til að búist væri við að hann yrði hærri á næsta rekstrarári en hann var árið 2015.

6. **Reikningar bornir undir atkvæði af fundarstjóra.** Fundarstjóri fór yfir eignarhlutdeild skv. gr. 2.3.í samþykktum. Lesin var upp viðkomandi grein og endurútreikningur lagður fyrir fundinn til staðfestingar samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnar. Fundarstjóri kallaði eftir athugasemdum sem voru engar. Endurskoðaður ársreikningur var lagður fyrir fundinn og samþykktur án athugasemda með öllum greiddum atkvæðum.

7. **Kosning fulltrúa í fulltrúaráð:** Fundarstjóri kynnti tillögu að skipun fulltrúa í fulltrúaráði og var hún samþykkt samhljóða.

- Anna Lís Rúnarsdóttir, sviðstjóri rannsókna og þróunar Þjms.
- Anna María Urbancic, framkvæmdastjóri Listasafns Íslands
- Dagný Heiðdal, deildarstjóri Listaverkadeildar Listasafns Íslands
- Gerður Róbertsdóttir, verkefnisstjóri munavörslu Borgarsögusafni Reykjavíkur
- Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri
- Inga Jónsdóttir, safnstjóri Listasafns Árnesinga
- Anna Guðný Ásgeirsdóttir, sviðstjóri fjármála- og þjónustusviðs, Þjms., formaður ráðsins
- Pétur Kristjánsson, forstöðumaður Tækniminjasafns Austurlands
- Oddgeir Isaksen, verkefnastjóri, Minjastofnun Íslands.

8. **Kosning endurskoðanda:** Fundarstjóri bar upp tillögu um að Halldór Arnarsson, löggiltur endurskoðandi hjá Fjárstoð ehf., yrði kosinn endurskoðandi ársreikninga. Var það samþykkt samhljóða.

9. **Breytingar á samþykktum lágu ekki fyrir fundinum.**  
Breytingar á eignarhlut verða uppfærðar samkv. lið 6.

#### Önnur mál:

10. Anna Lís Rúnarsdóttir, formaður stjórnar Rekstrarfélags Sarps, kynnti niðurstöður vinnuhóps um gjaldskrárbreytingar. Haft var að leiðarljósi að hún ætti að vera einföld, fyrirsjáanleg, sanngjörn og hvetjandi til skráningar. Niðurstaða hópsins er að leggja til að gjaldskráin verði miðuð við ársverk eingöngu. Upphaflega yrði miðað við 120.000 kr. á ári fyrir hvert ársverk (sem samsvarar 10.000 kr. á mánuði), en upphæðin tæki síðan breytingum með hliðsjón af vísitölu. Lágmarksgjald yrði 120.000 kr. á ári sem tæki verðlagsbreytingum. Eftir því sem ársverkum fjölgar yrði stigvaxandi álagning á gjald hvers ársverks.

Jón spurði hvaða áhrif þessi tillaga hefði á tekjuáætlun ársins. Anna Lís sagði að ný gjaldskrá hefði áhrif á árinu 2017 þar sem tekjumódelið yrði ekki tekið upp sem gjaldskrá fyrir en árið 2017. Það verði óveruleg tekjuaukning.

Spurt var út í hvaða mælieining hafi verið notuð varðandi fjölda ársverka. Anna Lís svaraði því til að allt starfsfólk væri tekið með í mælingum ársverka, ekki aðeins þeir sem sinni skráningu.

Ágústa Kristófersdóttir spurði hvort búið væri að skoða hvernig þetta kæmi út hjá einstaka söfnum. Anna Lís svaraði því til að svo væri. Það væru sjö til átta söfn sem þyrftu að greiða álag. Í heildina væru níu söfn sem greiddu meira en grunngjaldið.

Töflu var varpað upp á tjald fyrir fundarmenn til útskýringar og hún yfirfarin.

Guðný Dóra Gestsdóttir, sem tók þátt í vinnu gjaldskrárhópsins, sagði að legið hefði verið yfir útreikningum og útfærslum á gjaldskrá og kallaðir til sérfræðingar til aðstoðar. Niðurstaðan hefði verið þessi og að hún ásamt hópnum teldi að nýja gjaldskráin væri framfaraskref. Lágmarksgjaldið væri t.d. í takt við mánaðargjöld fyrir síma. Sarpur væri sífellt að þróast í rétta átt.

Ágústa taldi að það væru meiri hvatar í þessari gjaldskrá en fyrri t.d. að fá fleiri aðila í að nota kerfið og að auka skráningu.

Anna Lís sagði að öll útgjöld safna skiptu máli en gjaldskráin þyrfti hvort tveggja í senn að endurspeglar rekstur og framþróun kerfisins.

Fundarstjóra var falið að gera óformlega könnun meðal fundarmanna með handauppréttingu. 12 aðilar voru jákvæðir en enginn greiddi atkvæði á móti.

11. Sveinbjörg kynnti nýjan vef Landskerfis bókasafna, [www.landskerfi.is](http://www.landskerfi.is). Þar hefur Rekstrarfélag Sarps aðsetur líka. Þar gefst notendum Sarps kostur á að nýta sér innræfsvæði t.d. til að stofna verkbeiðni, fá aðgang að skráningarhandbók Sarps og ýmsum leiðbeiningum um kerfið. Hún hvatti viðstadda til að stofna aðgang að vefnum.

Fleiri mál voru ekki lögð fyrir fundinn og fundarstjóra og fundarritara veitt heimild til að ganga frá fundargerð eftir fundinn.

Fundi slitið kl. 15:30.

Erla S. Árnadóttir, fundarstjóri

Haraldur Þór Egilsson, fundarritari